

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Strandabyggðar vegna stækkunar íbúðarbyggðar við Kópnesbraut og Víkurtún, Hólmavík.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. júlí 2024 breytingu á aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. febrúar 2024.

Í breytingunni felst framlenging íbúðarbyggðar við Kópnesbraut 0,2 ha til norðurs og stækkun íbúðarbyggðar við Víkurtún um 0,1 ha. Opið svæði O7 minnkar sem nemur stækkun við Víkurtún.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 9. júlí 2024.*

F.h. forstjóra,

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

—————  
B-deild – Útgáfudagur: 23. júlí 2024